



396. fundur Þingvallanefndar

Fundur var haldinn í herbergi forsætisnefndar í Alþingishúsinu þann 28. janúar 2013 kl. 16:30. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir formaður nefndarinnar, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Róbert Marshall, Sigurður Ingi Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Silfra.

Formaður þakkaði þjóðgarðsverði snör viðbrögð og nefndarmönnum stuðning við ráðstafanir sem gerðar voru til að banna köfun undir 18 m í Silfru eftir hörmulegt slys sem varð í gjánni undir lok síðasta árs.

a. Öryggisreglur Siglingstofnunar.

Lögð fram drög Siglingastofnunar: „*Fyrirmæli vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum*“. Samkvæmt drögunum skal m.a. óheimilt að kafa dýpra en 18 m í Silfru, köfun í hella ranghala og göng bönnuð, ferðaþjónustufyrirtækjum gert skylt að uppfylla öll opinber skilyrði fyrir rekstri ferðaþjónustu og hafa nauðsynleg leyfi og tryggingar í gildi, ennfremur öryggis- og viðbragðsáætlun sem samþykkt er af Siglingastofnun. Ekki skulu vera fleiri en 8 kafarar á hverjum tíma í Silfru á tilteknu svæði að grynningum, gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en 4 í köfun og ekki fleiri en 8 í yfirborðsköfun. Leiðsögumenn skulu hafa tiltekna þjálfun m.a. í vettvangshjálp, vera 20 ára eða eldri og auðkenndir. Gerðar eru kröfur um búnað í samræmi við lög og fyrirmæli þessi og sérstakar kröfur um öryggisviðbúnað.

Þingvallanefnd beinir því til Siglingastofnunar að bæta við í almenn fyrirmæli því sem gildir um köfun í þjóðgarðinum, s.s. að menn kafa á eigin ábyrgð, að óheimilt er að kafa einn síns liðs í Silfru og að menn skuli kynna sér vel aðstæður og þær reglur sem gilda um köfun í Silfru sem og almennar umgengisreglur í þjóðgarðinum.

Þá telur Þingvallanefnd nauðsynlegt að gera kröfu til þess að kafarar geti framvísað skírteini sem sýnir að þeir hafi hlotið þjálfun og séu með réttindi sem „Open Water Diver“ frá alþjóðlega viðurkenndum aðilum.

Ragnheiður Elín Árnadóttir óskaði eftir því að Siglingastofnun upplýsi nefndina um hvaða athugasemdir kafarar og ferðaþjónustufyrirtækin hafa gert við drögin og hvernig brugðist hafi verið við athugasemdum þeirra.

Frestað.

b. Þjónustu- og gestagjald, framkvæmdir til að bæta öryggi og umgengni við Silfru.

Þjóðgarðsvörður kynnti áætlun um aðgerðir við Silfru á árinu 2013, en verði þær allar að veruleika nemur kostnaður ríflega 6 milljónum króna auk kostnaðar vegna mannahalds við umsjón, skráningu og eftirlit.

Á grunni áætlunarinnar samþykkir Þingvallanefnd að taka upp 1.000 kr. gestagjald fyrir hverja köfun/yfirborðsköfun í Silfru frá og með 1. mars n.k. sbr. fyrri samþykktir nefndarinnar um fyrirkomulag gjaldtöku og ráðstöfun gjaldsins (391., 392., 393 og 394. fundur). Þjóðgarðsverði er falið að undirbúa gjaldskrá og leggja fyrir forsætisráðuneyti til staðfestingar.

Jafnframt er þjóðgarðsverði falið að hafa samráð við kafara og ferðaþjónustufyrirtækin um útfærslu og forgangsröðun framkvæmda í þessu skyni, en sýnt er að áætlunin er talsvert yfir fyrirhuguðum tekjum af gestagjaldi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir sat hjá og vísaði til fyrri afstöðu sinnar, sbr. fundargerð 392. fundar 4. júlí 2012.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.